

Að gefnu tilefni vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á að almenn útboð verðbréfa eru bundin skilyrðum VI. kafla laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga.

Með almennu útboði verðbréfa, hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er átt við hvers konar boð til almennings<sup>1</sup> um kaup á verðbréfum, með hvaða hætti sem er. Fram þurfa að koma nægjanlegar upplýsingar um skilmála útboðs og verðbréfin sem eru boðin til kaups til að fjárfesti sé kleift að ákveða að kaupa eða láta skrá sig fyrir kaupum á þessum verðbréfum. Undir þetta falla einnig verðbréf sem eru markaðssett og/eða seld fyrir tilstilli milligönguaðila á fjármálamarkaði.

Almennt útboð verðbréfa er háð því að lýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti. Lýsing skal meðal annars innihalda þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru *nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið* eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda og ábyrgðaraðila, ef við á, sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Tilgangur þeirra reglna sem gilda um almenn útboð verðbréfa er að gera almennum fjárfestum kleift að meta þá áhættu sem fylgir kaupum á verðbréfum og taka fjárfestingaákvörðanir út frá þekkingu á staðreyndum. Þeim er einnig ætlað að tryggja jafnræði milli fjárfesta, þannig að öllum gefist kostur á að meta þau verðbréf sem til sölu eru á sama grundvelli.

Rétt er að fram komi að Fjármálaeftirlitið lítur svo á að reglurnar eigi einnig við þegar almennum fjárfestum stendur til boða að fjárfesta í félagi sem hefur það eitt að markmiði að fjárfesta í verðbréfum annars félags, enda er það í raun síðara félagið sem fjárfestar hafa hug á að eignast hlut í.

**Dæmi:**

Almennum fjárfestum stendur til boða að fjárfesta í félagi 1 sem hefur þann eina tilgang að kaupa verðbréf í félagi 2. Þar sem tilgangur kaupanna í félagi 1 er eignarhald í félagi 2 er mikilvægt að horfa til félags 2 („horft er í gegnum félag 1“), þegar leitast er við að uppfylla fyrirnefnd skilyrði um upplýsingagjöf í almennu útboði verðbréfa. Ástæða þessa er að ígrunduð ákvörðun almenns fjárfestis um kaup á verðbréfum í félagi 1 byggir á mati hans á félagi 2 sem fjárfestingakosti.

Það skal tekið fram að Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á þann aðila sem fer í almennt útboð sem ekki er í samræmi við lög og reglur. Það getur einnig varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngrri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum.

---

<sup>1</sup> Útboð telst beint til almennings ef verðbréf eru boðin fleiri en 100 almennum fjárfestum. Hér breytir engu þótt útboði sé einungis beint til afmarkaðs hóps almennings, til dæmis aðila í sama félagi, ef í hópnum eru fleiri en 100 almennir fjárfestar.

*Sjá nánar:*

[VI. kafli laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 \(útboð og töku verðbréfa til viðskipta\)](#)

[Reglugerð nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 millj. kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað.](#)

[Reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga.](#)

[Reglugerð nr. 244/2006 um almennt útboð verðbréfa að verðmæti 8,4 til 210 millj. kr.](#)